

JAFNLAUNASTEFNA LEIKSKÓLA LFA

Jafnlaunastefnu skólans er ætlað að tryggja að við ákvörðun launa sé gætt fyllsta jafnréttis.

Stefna skólans er að allir starfsmenn njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun eða aðra mismunun.

Stjórnendur skólans hafa skuldbundið sig til að viðhalsa stöðugum úrbótum á sviði launajafnréttis, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem kunna að koma upp við rýni á ferlum launaákvarðana.

Jafnlaunastefna skólans er hluti af jafnréttisáætlun hans en tilgangur jafnréttisáætlunar er að tryggja að starfsmönnum sé ekki mismunað á nokkurn hátt svo sem vegna kyns, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs eða stöðu að öðru leyti. Jafnréttisáætlun er unnin í samræmi við lög nr.150/2020.

Skólinn hefur innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna hans en markmið jafnlaunakerfisins er að tryggja að stjórnendur skólans fylgi ferlum sem tryggja launajafnrétti starfsmanna hans.

Skólinn mun óska eftir staðfestingu Jafnréttisstofu á vottun á skjalfestu jafnlaunakerfi sínu fyrir lok árs 2022.

Gert í Reykjavík í október 2022

Kristín Björk Viðarsdóttir

Leikskólastjóri